

Bekkur: 6. bekkur

Námsgrein: Hönnun og smíði

Kennari: B. Harpa Magnúsdóttir

Tímafjöldi: 2 tímar á viku



Námsgögn:

Efniviður: Nemendur fá frelsi á vali sínu á verkefnum sem gerir það að verkum að efnisval nemenda getur verið misjafnt. Nemendur í 6. bekk vinna a.m.k. eitt verkefni á önn sem tengist samsetningu hluta þar sem áhersla er lögð á að líma, bora, skrúfa og yfirborðsmeðhöndlun. Verkefnin geta þó verið fjölbreytt og gerð úr hinum ýmsu efnum en mest er unnið með krossvið í þessum verkefnum.

Annar efniviður er: MDF-viður og Fura, Klukkuverk og vísar, efni úr endurvinnslutunnum, sandpappír, lím, skrúfur, fylliefni, akrílmálning, lakk, olía, annað efni til skreytingar og fl.

Verkfæri: Borvél, skrufuvél, hamrar, sagir, þjalir, skrufjárn, tangir

Lykilhæfni:

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Njarðvíkurskóla.

Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Menningarlæsi	<p><i>Nemandi geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none">útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðarhagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefnitekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæðihaft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni,beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfirgert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreinagert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hanssýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæðilagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum	<ul style="list-style-type: none">Fyrirlestur/Innlögn í upphafi annarSýnikennsla (einstaklings-/hópakennsla) sem á sér stað yfir alla önnina og tekur mið af því hvernig verkefni og vinna nemenda þróast hverju sinniEinstaklingskennsla með áherslu á sjálfstæð vinnubrögðSamvinnunám þar sem nemendur eru með hvatningu styrktir til að aðstoða hvern annan, hlusta og skiptast á skoðunumUmræður er stór þáttur í allri hugmyndasköpun. Skipst er á skoðunum og leiðir kennari nemendur í gegnum umræðu sem einkennast af gagnrýnni hugsun. Áhersla er lögð á virðingu, ábyrgð og vinsemd	<ul style="list-style-type: none">Námsmat byggist á símati kennara á vinnu nemenda - Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandansÁbyrgð á umhverfi - nemandi þrífur og gengur frá eftir sjálfan sig og hugar á umhverfisábyrgð sinniViðmót gagnvart starfsfólki og öðrum nemum

Handverk	<p><i>Nemandi geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki, • gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni 	<ul style="list-style-type: none"> • Sýnikennsla • Einstaklingskennsla • Umræður • Samvinnunám • Nemendur fá sýnikennslu í meðhöndlun og beitingu verkfæra í upphafi annar en þar sem nemendur hafa frelsi á vali á verkefnum þá má segja að kennsla á þessum þáttum er gegnum gangandi alla önnina m.a. í formi umræðna og sýnikennslu við hin ýmsu tækifæri 	<ul style="list-style-type: none"> • Námsmat byggist á símati kennara á vinnu nemenda - Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans • Ábyrgð á umhverfi - nemandi þrífur og gengur frá eftir sjálfan sig og hugar á umhverfisábyrgð sinni • Viðmót gagnvart starfsfólki og öðrum nemum
Hönnun og tækni	<p><i>Nemandi geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu, • lesið einfalda teikningu, smíð- að eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð, • valið samsetningar og yfir- borðsmeðferð sem hæfa verkefnum, • hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virknipættir eru að verki í ýmsum hlutum, • lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu, • greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir. 	<ul style="list-style-type: none"> • Sýnikennsla • Einstaklingskennsla • Umræður • Samvinnunám • Farið er í ferli sköpunar þar sem nemendur læra ýmsar leiðir til þess að setja hugmyndir sínar á blað og útbúa vinnuferli. Sýnikennsla fer fram á töflu samhliða umræðum og hugstormun. Nemendur eru hvattir til að nýta sér hjálpartæki eins og tölvur og bækur í hugmyndasköpun sinni. Áhersla er einnig lögð á samvinnunám þar sem nemendur hjálpast að við að finna ólíkar lausnir. 	<ul style="list-style-type: none"> • Námsmat byggist á símati kennara á vinnu nemenda - Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans • Ábyrgð á umhverfi - nemandi þrífur og gengur frá eftir sjálfan sig og hugar á umhverfisábyrgð sinni • Viðmót gagnvart starfsfólki og öðrum nemum
Umhverfi	<p><i>Nemandi geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni, • gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra, • útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðar- búnað. 	<ul style="list-style-type: none"> • Sýnikennsla • Einstaklingskennsla • Umræður • Áhersla er lögð á að efla umhverfisvitund nemenda og fer sú kennsla mest fram í gegnum umræður sem kennari leiðir. • Beiting verkfæra og líkama rétt við vinnu fer fram sem sýnikennsla í upphafi en er svo gegnum gangandi alla önnina og er í 	<ul style="list-style-type: none"> • Námsmat byggist á símati kennara á vinnu nemenda - Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans • Ábyrgð á umhverfi - nemandi þrífur og gengur frá eftir sjálfan sig og hugar á umhverfisábyrgð sinni • Viðmót gagnvart starfsfólki og öðrum nemum

		raun háð þeim verkefnum sem nemendur velja að gera hverju sinni.	
<p>Nánari skýringar á námsmati:</p> <p>Vinnubrögð: kennari notar símat í kennslustundum þar sem vinnubrögð í tímum er metin, gildir 50% þar af eru 10% bundin sjálfsmati nemenda</p> <p>Frammistöðumat - kennari notar símat í kennslustundum og metur þá verkfærni, vandvirkni, iðni og áhuga, umgengni og hegðun, gildir 30%.</p> <p>Frágangur: metinn er frágangur hvers verkefnis, gildir 20%.</p>			